

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 782/2012 um lausafjárhlutfall.

1. gr.

Nýtt bráðabirgðaákvæði.

Ákvæði til bráðabirgða I fellur niður og í stað þess kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða I sem skal vera svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Í tilefni af fyrirhugaðri setningu nýrra reglna um lausafjárhlutfall getur Seðlabanki Íslands, fram til 1. desember 2013, veitt lánastofnunum sérstakar undanþágur frá 3. gr. reglna þessara, hvað varðar lágmark lausafjárhlutfalls. Lánastofnun skal leggja til grundvallar umsókn sinni rökstudda tillögu um hversu nauðsynlegt sé að vikið verði frá lágmarki, en þó aldrei meir en svo að lausafjárhlutfall verði lægra en 0,9 fyrir hvorn liðanna 1. og 2. tl. 1. mgr. 2. gr. reglna þessara.

Bráðabirgðaákvæði þetta fellur úr gildi þann 1. desember 2013 sem og allar undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt því.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 12. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 11. október 2013.

Seðlabanki Íslands,

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri.

Harpa Jónsdóttir
aðstoðarframkvæmdastjóri.